

Nd.

574. Breytingartillögur

við frv. til laga um tilbúinn áburð (þskj. 260).

Flutningsm.: Jón Sigurðsson og Pjetur Ottesen.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Ríkisstjórnin stuðli að því, að Búnaðarfelag Íslands fái einkaumboð fyrir Ísland á tilbúnum köfnunarefnisáburði, sem þjer er mest notaður (Noregssaltþjetri og þýskum saltþjetri), og að þein viðskifti fáiist við framleiðendur áburðarins.

2. Við 2. gr. Greinin verði svo hljóðandi:

Árin 1929, 1930 og 1931 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði alt að 20 þús. kr. til útbreiðsku tilbúins áburðar. Styrkurinn greiðist hreppabúnaðar- eða jarðræktarfelögum og miðast við:

1. Áburðarmagn (þyngd) tilbúins áburðar, sem notaður hefir verið í fjelaginu á árinu.
2. Flutningskostnað á áburðinum frá útflutningshöfn til viðkomandi búnaðarfelags. Við útreikning á flutningskostnaðinum skal þó ekki reikna nákvæmar en svo, að öllum fjelögum sje skipað í nokkra kostnaðarflokka.

Búnaðarfelag Íslands annast um úthlutun styrksins og sendingu.

3. 3. gr. orðist svo:

Til þess að verða styrksins aðnjótandi, skal stjórn viðkomandi hreppabúnaðarfelaga eða jarðræktarfelaga senda Búnaðarfelagi Íslands fyrir hver áramót skýrslu yfir, hve mikið hafi verið keypt og notað af tilbúnum áburði

í fjelaginu á því ári. Skýrslunni fylgi vottorð eða reikningur frá þeim, er seldi vöruna, er sýni nafn kaupanda, vörntegund og þunga.

4. 4. gr. orðist þannig:

Stjórnir fjelaganna skifta styrknum milli áburðarnotenda innan breppa, hlutfallslega eftir flutningskostnaði þangað, er áburðurinn var notaður, og þyngd áburðarins.

5. Á eftir komi ný grein, er verður 5. gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um úthlutun styrksins og annað, er þurfa þykir.